

**49** fjelaginu, og má í því skyni greiða árlega í sjóðinn ákveðið gjald af hverri  
**31. júlí** sauðkind og hverju hrossi, sem fjallskilaskyld eru, enda sje skylt að hafa fjallskilasjóð í hverjum hreppi. Ákveður hreppsnefnd gjald þetta árlega eftir þörfum á hverjum stað og innheimtir það með öðrum tekjum sjóðsins.

4. gr.

Í stað orðanna „er skoða hrossamörk, úr sýslusjóði“ í reglugjörð 3. maí 1919 (68. gr. fjallskilareglugjörðarinnar) komi: er skoða hrossamörk, af hlutaðeigandi markaðshaldara.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. mars 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. sept. 1924.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1924.*

Í fjarveru ráðherrans.

Oddur Hermannsson.

---

*Páll Pálmason.*

**50**

**4. ágúst**

## VIÐAUKI VIÐ REGLUR

31. ágúst 1923, um aflífun húsdýra, slátrun búpenings og um fuglaveiðar, svö og um meðferð á sauðfje og hrossum að ýmsu leyti.

Aftan við 12. gr. reglna 31. ágúst 1923 bætist:

Þegar sjerstaklega stendur á, veitir ráðuneytið, ef því þykir ástæða til, með ráði dýralæknis undanþágu frá ákvæðum 5. gr., um að hross skuli vera ójárnud í skipi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. ágúst 1924.*

Jón Magnússon.

---

*St. Gunnlaugsson.*